

151. löggjafarþing 2020–2021.  
Þingskjal 1649 — 587. mál.  
2. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um þjóðkirkjuna.

Frá Birgi Þórarinssyni.

2. mgr. 10. gr. orðist svo:

Biskup Íslands gegnir æðsta embætti þjóðkirkjunnar og fer með yfirstjórn hennar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um.

### Greinargerð.

Biskupsembættið er elsta embætti á Íslandi sem haldist hefur frá upphafi.

Saga og hefðir eru dýrmætar eignir sérhvers samfélags, rétt eins og menning þess. Hugtakið embætti í kirkjunni hefur sérstaka merkingu sem byggist á guðfræði hennar. Almenn séð er hugtakið í kirkjulegu samhengi fyrst og fremst tengt þjónustu, ábyrgð, umsjón og forystu, rétt eins og annars staðar þar sem það kemur fyrir og er að því leyti ótengt kirkjunni. Starf er aftur á móti fyrst og fremst framkvæmd verkefna sem aðrir fela starfsfólki að sinna.

Má því álykta að ákveðin grundvallarbreyting eigi að verða á hlutverki biskups kirkjunnar með því að fella niður hugtakið embætti biskups og breyta því í starf biskups eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ætla má að ábyrgð biskups til andlegrar forystu í kirkjunni og umsjónarskylda biskups gagnvart kenningu og siðum hennar hafi þá ekki lengur þann styrk sem biskupsembættið hefur haft í kirkjunni allt frá frumkirkjunni og í samhengi Íslands í meira en þúsund ár.

Með hliðsjón af framangreindu er því lagt til með breytingartillögu þessari að bæta við 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins að biskup Íslands gegni æðsta embætti þjóðkirkjunnar.